

Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda vegna gruns um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni, barn stofni eigin lífi í hættu eða lífi eða heilsu ófædds barns sé stefnt í hættu

Efnisyfirlit

Tilkynningaskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld	2
16. gr. Tilkynningaskylda almennings	2
17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum	2
Um hvað er tilkynnt.....	3
Hver tilkynnir og hvernig	3
Viðbrögð vegna gruns um ofbeldi.....	3
Viðbrögð starfsfólks barnaverndarnefnda við tilkynningum.....	4
Samskipti við foreldra	4
Grunur um ofbeldi á heimili	4
Samskipti við barn.....	4
Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd	5
Viðauki I.....	6
Vanræksla.....	6
Andlegt ofbeldi.....	6
Líkamlegt ofbeldi	7
Kynferðislegt ofbeldi.....	7
Áhættuhegðun barns.....	7
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu.....	8
Viðauki II	9
1. Sögulegar forsendur ofbeldis/vanrækslu.	9
2. Líkamleg merki ofbeldis/vanrækslu.	9
3. Berið saman söguna og niðurstöðu lækni- skoðunar.....	10
4. Niðurstöður rannsókna og meðferðar.	10
5. Skráning heilbrigðisstarfsfólks í sjúkraskrá.	10

Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda vegna gruns um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni, barn stofni eigin lífi i hættu eða lífi eða heilsu ófæddis barns sé stefnt í hættu

Verklagsreglurnar eru unnar í samstarfi starfsfólks Landspítala háskólasjúkrahúss, heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis, Barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Þær varða börn að 18 ára aldri og þungaðar konur. Verklagsreglurnar ná til alls starfsfólks heilbrigðisstofnana.

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Í því felst m.a. skylda barnaverndar til að kanna aðstæður barna þegar grunur leikur á að þau búi við ofangreindar aðstæður, veita nauðsynlegan stuðning og beita úrræðum til verndar börnunum þegar við á. Hagsmunir barna eiga að vera leiðarljós í öllu starfi barnaverndarnefnda og ætíð ber að leita þeirra lausna sem börnum er fyrir bestu.

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld

16. gr. Tilkynningarskylda almennings

„Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppeldisáðstæður,*
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða*
- c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.*
- d. lífi eða heilsu ófæddis barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni*

þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.“

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsfólk heilbrigðisstofnana meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um málið til barnaverndarnefndar þar sem barn býr. Ef heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu ber að tilkynna til barnaverndarnefndar þar sem þungaða konan býr. Tilkynna skal um grun ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan starfsfólk barnaverndarnefnda sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um könnun máls í framhaldi af því.

Um hvað er tilkynnt

Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi, að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu eða að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu. Nánari umfjöllun um þessa flokka er að finna aftast í verklagsreglunum sjá viðauka I. Hafa ber í huga að oft á tíðum er erfitt að tengja vanræksluna eða ofbeldið við eitthvert eitt atriði og ljóst er að ekki er unnt að nefna öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Því þarf ætíð að meta hvert tilvik sjálfstætt. Í viðauka II er að finna nánari upplýsingar um þætti sem mikilvægt er að hafa í huga þegar grunur er um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart barni eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu. Mögulegt er að hafa samband við starfsfólk barnaverndarnefnda eða Barnaverndarstofu til að fá ráðgjöf vegna tilkynninga og upplýsingar um málsmeðferð barnaverndarnefnda.

Tilkynningar skulu gerðar skriflega, en þarfnist málið tafarlausrar úrlausnar ber að tilkynna símleiðis og senda bréf í kjölfarið.

Hver tilkynnir og hvernig

Hver stofnun/deild þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefndar og hver gerir það. Fyrirkomulagið sem valið er þarf að vera til þess fallið að tilkynningu sé komið á framfæri eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllu starfsfólki stofnunar/deildar ljóst. Þannig gæti það verið lækni, hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi eða annað starfsfólk stofnunar/deildar sem kemur tilkynningunni á framfæri.

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunar/deildar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki starfsfólks. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Þrátt fyrir að verklag stofnunar/deildar geri ráð fyrir ákveðnu ferli innan stofnunar/deildar getur starfsfólk einnig tilkynnt sjálft til barnaverndarnefndar. Tilkynningin er þá frá viðkomandi aðila sem nýtur ekki nafnleyndar.

Tilkynna skal til barnaverndarnefndar þar sem barn eða þunguð kona býr, **almennt er átt við lögheimili**. Utan dagvinnutíma er hægt að fá upplýsingar gegnum síma Neyðarlínu 112 til að ná sambandi við starfsfólk barnaverndarnefndar eða að fá upplýsingar um stofnun, s.s. heiti stofnunar, viðtakanda og heimilisfang sem senda á tilkynningu til. Jafnframt hefur 112 og lögreglan uppfærðan lista yfir barnaverndarnefndir og starfsfólk í viðkomandi bæjum og byggðarlögum. Á vefsíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is eru upplýsingar um símanúmer barnaverndarnefnda og leiðbeiningar Barnaverndarstofu.

Þegar tilkynnt er um vanrækslu eða áhættuhegðun barns getur verið um að ræða ástand sem hefur varðað í lengri tíma og hefur ekki breyst nægjanlega þrátt fyrir ábendingar og leiðbeiningar starfsmanna til foreldra. Í þessum tilvikum getur verið heppilegt að fylgja skriflegri tilkynningu eða tilkynningu símleiðis til barnaverndarnefndar eftir á fundi þar sem starfsfólk stofnunar/deildar, foreldri og starfsfólk barnaverndarnefndar fara yfir málið. Hér þarf að meta aðstæður barnsins/þunguðu konunnar, ástæður tilkynningar svo og vinnulag stofnunar/deildar og barnaverndarnefndar í hverju tilviki og því getur fyrirkomulag við móttöku tilkynninga verið breytilegt milli staða.

Viðbrögð vegna gruns um ofbeldi

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt og/eða líkamlegt sem barn segir frá eða gefur í skyn að það sé eða hafi verið beitt ofbeldi, er mikilvægt að hlusta á frásögn barnsins. **Varast ber ítarlega upplýsingaöflun um ofbeldið** heldur hafa strax samband við starfsfólk barnaverndarnefndar til að koma máli sem allra fyrst í viðeigandi farveg, t.d. til frekari

læknisskoðunar og rannsóknar sem gætu stutt við grunsemdir um brot. Það er síðan hlutverk starfsfólks barnaverndarnefndar að kanna málið frekar og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda. Ef grunur er um ofbeldi þá hefur starfsfólk barnaverndarnefnda heimild skv. 43. gr. barnaverndarlaga til að tala við barn áður en rætt er við foreldri. Neyðarráðstöfun skv. 31. gr. bvl. gefur starfsfólki barnaverndarnefnda heimild til að vista barn utan heimilis í allt að 2 vikur ef það metur að barn sé í bráðri hættu.

Viðbrögð starfsfólks barnaverndarnefnda við tilkynningum

21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 fjallar um málsmeðferð vegna tilkynninga en þar kemur m.a. fram að:

„Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæránleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni innan viku frá því að ákvörðunin var tekin. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.“

Samskipti við foreldra

Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsfólk stofnunar/deildar séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í þeirra garð og að markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning. Látið foreldra vita að í kjölfar tilkynningar geti þeir átt von á að starfsfólk barnaverndarnefndar hafi samband og leiti frekari upplýsinga hjá þeim um hagi barnsins og umönnun þess. Á vefsíðu Barnaverndarstofu eru upplýsingar um feril barnaverndarmála sem foreldrar geta kynnt sér.

Grunur um ofbeldi á heimili

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við starfsfólk barnaverndarnefndar **án þess að upplýsa foreldra um það**. Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hætt á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar. Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins.

Samskipti við barn

Komi barn með sýnilega áverka á heilbrigðisstofnun eða segi frá alvarlegu ofbeldi og grunur leikur á líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi forsjáaraðila eða annars heimilisfólks gagnvart barninu, skal samstundis hafa samband við starfsfólk barnaverndarnefndar. Þegar barn býr við ofbeldi á heimili og hefur sjálft verið beitt ofbeldi, það orðið á milli í átökum eða verið að reyna að hindra ofbeldi milli forsjáaraðila eða annars heimilisfólks, skal meta málsatvik hverju sinni. Ef öryggi barns er stefnt í voða skal samstundis hafa samband við starfsfólk barnaverndarnefndar en utan dagvinnutíma gefur Neyðarlínan 112 samband við starfsfólk sem er á bakvakt. Starfsfólk barnaverndarnefnda styðst við ákveðið verklag við könnun máls og eftirfylgd.

- **Leitast skal við að tala við barnið í einrúmi, fá lýsingu frá barninu sjálfu á tilurð áverkans eða brotsins.**

- Forðast skal beinar já og nei spurningar heldur reyna að fá opna frjálsa frásögn.
- Kalla skal út túlk eftir atvikum skv. reglum stofnunar, bæði fyrir barn og foreldri.
- Ekki nýta börn sem túlka.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd

Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Þessi ákvæði eru tiltekin í 44. gr. barnaverndarlaganr. 80/2002 sbr. 1. 4. og 5. mgr.

„Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.“

„Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni berst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.“

Viðauki I

Dæmi um tilvik sem starfsfólk heilbrigðisstofnana verður vart við og rétt er að tilkynna um til barnaverndarnefnda.

Hafa ber í huga að stundum er það ekki eitthvað eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsfólks. Um getur verið að ræða fleiri þætti eða ástand og tilfinningu fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur starfsfólks. Barnaverndarmál eru oft flokkuð á eftirfarandi hátt: Vanræksla, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun. Mörkin milli hinna ólíku flokka eru stundum óljós og ótal atriði er unnt að setja undir hvern flokk. Listann hér að neðan má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsfólki til að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að undirstrika að listinn er ekki tæmandi og nánari upplýsingar er að finna í Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF).

Vanræksla

getur verið bæði andleg og líkamleg og felur í sér að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og sem hefur leitt til skaða á þroska þess eða er líklegt til þess. Vanræksla getur hafist strax á fósturstigi.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra, t.d. að ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, þrifum ekki sinnt eða viðeigandi klæðnaði.
- Vanræksla getur varðað umsjón og eftirlit barns, t.d. að það sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska, að foreldrar séu ófærir um að sinna þörfum barns vegna eigin áfengis- eða vímuefnaneyslu, að ungt barn komist í lyf eða önnur efni á heimili.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns, t.d. að barn komi ítrekað í skóla án nauðsynlegra áhaldra eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera engan árangur.

Andlegt ofbeldi

er oft erfitt að greina en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Það felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar ímyndar barnsins.

- Andlegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Andlegt ofbeldi getur falist í algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.
- Barnið býr við óviðunandi uppeldisaðstæður þar sem það er vitni að ítrekuðu andlegu eða líkamlegu ofbeldi, ótta og ógnunum sem beinist að öðru foreldri/forsjáraðila eða

öðrum nákomnum, af hendi aðila inni á heimilinu. Barn hefur þurft að þola tilfinningarlegar afleiðingar þess að sjá eða heyra ofbeldið.

Líkamlegt ofbeldi

er ofbeldi sem beint er að börnum og hefur leitt til að barnið skaðist eða er líklegt til þess. Barnið getur borið merki ofbeldisins eins og t.d. marbletti, brunasár eða beinbrot sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra eða ef útskýring verður ótrúverðug.

- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barnið er slegið, hrist, því hent til, brennt eða bundið.
- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barni er viljandi gefinn hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur barnið.

Kynferðislegt ofbeldi

gagnvart barni felur í sér, annars vegar kynferðislega athöfn gagnvart barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins og hins vegar kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.

- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að barn sé látið horfa á klámefni, kynfæri, kynferðislegar athafnir eða teknar myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að þuklað sé innan klæða á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í samförum við barn eða það er neytt til annarra kynmaka (t.d. munnmök, endaparmsmök, fingur í leggöng eða endaparm, fróa geranda eða kynfæri geranda nuddað við barn).

Áhættuhegðun barns

felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem hefur skaðað eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska.

- Áhættuhegðun barns getur verið sjálfviljug neysla á áfengi eða vímuefnum eða barnið er farið að stunda afbrot.
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn skaðar sjálft sig með því að veita sjálfu sér áverka, tekur inn lyf í sjálfsvígstílgaungi, er með mótaðar og áframhaldandi sjálfsvígshótanir eða er með alvarlega átröskun.
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn beitir aðra líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Stundar sjálft vændi eða er neytt til þess af öðrum.
- Vera á vergangi. Barn hleypur að heiman, virðir ekki útivistartíma og almennar samskiptareglur í fjölskyldunni.

Heilsa eða líf ófædds barns í hættu

felur í sér að þunguð kona setur ófætt barn í hættu með athæfi sínu eða aðstæðum.

- Heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu vegna þess að áfengi eða önnur vímuefni eru í líkama þess.
- Heilsu og lífi ófædds barns getur verið hættu búin vegna næringarskorts, óviðunandi meðferðarhaldni þungaðrar konu eða vegna annarra heilsufarslegra vandamála og sjúkdóma.
- Heilsu og lífi ófædds barns getur verið í hættu búin vegna ofbeldis sem þunguð kona verður fyrir.
- Heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu vegna þess að eftirliti á meðgöngu er ekki sinnt.

**Nánari upplýsingar um vinnslu barnaverndarmála má finna á vefsíðu
Barnaverndarstofu, www.bvs.is**

Viðauki II

Þegar grunur er um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart barni eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

1. Sögulegar forsendur ofbeldis/vanrækslu.

- Er fyrri saga um áverka- eða vanrækslueinkenni?
- Vantar sögu um orsakir áverkans?
- Hefði verið hægt að koma í veg fyrir áverkann með betri umönnun og gæslu?
- Er sagan órökvís eða breytileg?
- Er fyrri saga um endurtekna áverka eða innlagnir á sjúkrahús?
- Var töf á því að leitað væri aðstoðar eða læknis?
- Er í frásögninni leitast við að ýkja eða vanmeta áverkann?
- Eru forsjáraðilar þeir sem eingöngu tjá sig um atvik og áverkann, hindra þeir barn í að segja sjálft frá?
- Er ástand foreldris eða gæslumanns óviðunandi?
- Kemur barn með foreldri/for sjáraðila sem hefur verið beitt ofbeldi á heimili?
- Hefur barn sjálft leitað eftir aðstoð fyrir foreldri/for sjáraðila vegna óviðunandi líkamlegs ástand þess eða vegna áfengis- eða lyfjaneyslu eða sjálfsáverka?
- Eru í sögunni upplýsingar um vandamál á meðgöngu, að barnið hafi fæðst fyrir tímann og að það gæti haft áhrif á núverandi ástand.
- Eru í sögunni upplýsingar um að barnið hafi ekki dafnað (failure to thrive) og þroskast eðlilega eða að ekki hafi verið leitað eftir eðlilegri heilbrigðisþjónustu svo sem mæðravernd á meðgöngu, ungbarnaskoðun eða bólusetningum.

2. Líkamleg merki ofbeldis/vanrækslu.

- Samræmast áverkanir sögunni sem sögð er?
- Eru áverkarnir margir?

- eru líkur á að áverkanir hafi orðið á mismunandi tíma?
- eru mismunandi tegundir áverka, t.d. brunasár og beinbrot?
- eru merki um almenna vanrækslu t.d. er barnið skítugt, illa hirt eða óviðeigandi klætt (t.d. án skjólfatnaðar).
- er barn hrætt og óöruggt? eru viðbrögð barns ekki viðeigandi miðað við eðli áverka og atburðar.

3. Berið saman söguna og niðurstöðu læknisskoðunar.

- er samræmi þar á milli miðað við aldur og þroska barnsins?

4. Niðurstöður rannsókna og meðferðar.

- skráið staðreyndir.
- útilokið aðra læknisfræðilega möguleika.

5. Skráning heilbrigðisstarfsfólks í sjúkraskrá.

- skráið niður að tilkynnt hafi verið til barnaverndarnefndar og tiltakið hvaða umdæmi. Setjið rafræna tilkynningu sem viðhengi við skráningu í sjúkraskrá. Staðfestingu barnaverndar vegna móttöku tilkynningar þarf að skanna og hengja við tilkynningu í sjúkraskrá.
- skráið einnig niður hvaða rannsóknir hafa verið pantaðar, niðurstöður þeirra eins og hægt er og meðferð vegna áverka.
- takið ljósmyndir af áverkunum ef hægt er. Notið verklagsreglur um ljósmyndun af áverkum. Útskýrið vel tilgang ljósmyndunar fyrir barni og foreldri/forsjáraðila.
- metið hvort barnið sé öruggt á heimili sínu eða hvort þörf sé á innlögn. Einnig þarf að meta hvort barn þurfi að komast í öruggt athvarf ásamt foreldri/forsjáraðila þegar ástæða komu er ofbeldi á heimili (t.d. Kvennaathvarfið eða annað heimili).
- ef þunguð kona segir frá fyrirætlunum um að yfirgefa barn við fæðingu er mikilvægt að gera starfsfólki barnaverndarnefndar viðvart sem fyrst.